

136. fundur skráningarráðs haldinn 11. janúar 2024 kl. 9:00-11:00 á Teams

Mætt voru: María Bjarkadóttir (fundaritari), Sigríður Vilhjálmsdóttir, Sigurgeir Finnsson og Þorsteinn Doddi Jónsson (formaður).

Einnig sátu fundinn Kristín Lilja Thorlacius Björnsdóttir gæðastjóri Gegnis og Sigrún Hauksdóttir þróunarstjóri Gegnis.

1. Erindi til skráningarráðs
 - a. Rætt um erindi sem bárust ráðinu í desember 2023, en þá bárust fimm erindi frá Hallfríði Kristjánsdóttur, fráfarandi gæðastjóra.
Erindin voru:
 - Lágmarkskóðun við skráningu í Gegni endurskoðun v. Ölmú 2023
 - Efnisteg. og teg. viðfanga óhefðbundin safngögn
 - Safnfærslur
 - Innfluttar færslur
 - Óskyldir titlar bundnir saman
2. Safnfærslur
Kristín Lilja upplýsti um mismunandi notkun efnistegunda fyrir safnfærslur og skráningu þeirra í LDR, ásamt áhrifum sem efnistegund hefur í leit annars vegar í Gegni og hins vegar á Leitir.is.
3. Innfluttar færslur
 - a. Mikilvægt að skerpa á því hvaða upplýsingar eru í sviði 520 og setja skýrar leiðbeiningar. Textinn í reitnum þarf að eiga við og ekki vera auglýsingatexti.
 - b. Þegar innfluttar færslur innihalda 040 svið á að bæta við kóða safnsins sem skráir í \$\$d. Einnig þarf að breyta reglum sem eru keyrðar fyrir innfluttar færslur þannig að ef ekkert 040 svið er til staðar verði sviðið til sjálfkrafa við innflutning og innihaldi þá eingöngu \$\$d.
 - c. Eftirlit með því hvaða gagnagrunnar eru notaðir til að sækja færslur úr. Landskerfi þarf að láta ritstjóra Handbókar skrásetjara vita af breytingum á gagnagrunnum og þau færa þær inn í handbókina.
 - d. Leiðbeiningar um innfluttar færslur – skráningarráð kynnir sér leiðbeiningar í HASK um innfluttar færslur fyrir næsta fund. Skoða þarf leiðbeiningarnar með tilliti til lágmarkskrafa til bókræðifærslna í Gegni.
4. Óskyldir titlar bundnir saman.
Hvernig á að fara með óskylda titla sem bundnir eru saman, titlarnir eiga hver sér bókræðifærslu og hafa aldrei verið gefnir út sem safn. Erindið snýr ekki beint að skráningu þar sem um er að ræða lausn á eintakatengingu frekar en skráningu. Vinnuviðmið að setja strikamerki fyrir hvert eintak á kápuna.
5. Lágmarkskóðun í innfluttum færslum
 - a. Kóðar fyrir landshluta í innfluttum færslum. Ekki þarf að fínflokka t.d. fylki í Bandaríkjunum. Almenna reglan að miða við lönd og ekki fylki. Má breyta í innfluttum færslum en ekki skylda.
 - b. Ekki er nauðsynlegt að breyta kóða fyrir uppruna færslu (Allt efni 008 (39)) í innfluttum færslum

- c. Ekki er nauðsynlegt að breyta nákvæmum kóðum fyrir tegundir tónverka í grófari kóða (Hljóðrituð tónlist og nótur 008 18-19)
- d. að það þarf að bæta inn í lágmarkskóðunarskjalið köflum fyrir nokkrar tegundir viðfanga s.s. tölvuleiki, gagnasett o.fl.

6. Umræðuvettvangur skrásetjara

Vanda og HASK eru notuð til að koma skilaboðum til skrásetjara en enginn eiginlegur umræðuvettvangur er til staðar. Væri gagnlegt að koma slíkum vettvangi af stað.